

1860. 11. október. veitingar í húsinu „Scandinavia“, og er einnig í leyfisbræfi þessu skýrskotað til þess, að hann sé ráðinn til að vera forstöðumaður veitingahússins; það er því ljóst, að hann á ekki með að hafa veitingahús neinstaðar annarstaðar í Reykjavík, nema hann til þess fái nýtt leyfisbréf. En dómsmálastjórnin ætlar sér sjálf að skera úr því, hvort ástæða sé til að veita honum slíkt leyfisbréf, ef hann enn æskir þess; en áður en lengra sé farið út í þetta mál, eruð þér beðnir að útvega álit bæjarfógetans og bæjarstjórnarinnar um þetta atriði, og senda það síðan hingað með athugasemdum sjálfs yðar.

Að endingu eruð þér beðnir að birta þenna úrskurð dómsmálastjórnarinnar eigendum veitingahússins „Scandinavia“, Jørgensen og bæjarfógetanum í Reykjavík.

12. október. 58. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmanusins yfir norður- og austurumdæminu, um tekjur er standa inni hjá sýslumönnum.

Af skýrslu, er hingað hefir verið send, er dómsmálastjórninni orðið það kunnugt, að þeir menn, sem hafa á hendi þann starfa að rannsaka íslenska reikninga, hafa við lauslega yfirskoðun reikninga, er komið hafa frá Íslandi fyrir árið 1859 og fyrir fjárhagsárið, er nær frá 1. aprílm. 1859 til 31. marzmánaðar 1860, orðið þess varir, að ýmsar tekjur, sem fyrir löngu síðan áttu sér gjalddaga, eru enn inni standandi hjá þeim embættismönnum, sem þær áttu að heimta, og um sumar tekjur er svo frá skýrt í reikningunum, að fæð sé borgað í jarðabókarsjóð Íslands eður í aðalféhirzlu ríkisins, án þess fyrir þessu sæu nokkur skilríki með reikningunum.

Af þessum ástæðum finnur dómsmálastjórnin sér skylt að skora á yður, herra amtmaður, að gæta þess nákvæmlega framvegis, að enginn gjalldiður í reikningum þeim, sem til yðar koma úr norður- og austurumdæminu, má vera án nægra skýrteina um, hvernig gjörð hafi verið skil fyrir fænu; en komi slíkt fyrir í reikningunum, eigið þér, með því að neyta þeirra

úræða, sem þér eigið vald á, þegar í stað að annast um, að 1860.
 skil verði gjörð fyrir fé því, sem um er að ræða; eigið þér og 12. október.
 að skýra greinilega frá um þetta efni í athugasemdum þeim,
 sem þér ritið á reikningana¹.

59. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 12. október.
norður- og austurumdæminu, um íslenska þýð-
ingu af riti Guénon's um mjólkurkýr.

Dómsmálastjórnin hefir sent hinu konunglega danska landbú-
 stjórnarfélagi bænarskrá, er þér, herra amtmaður, senduð hingað
 með bréfi 16. desemberm. f. á., þess efnis, að Jón Borgfirðingur
 og fl. biðja um, að þeim sé útvegaður hjá félagi þessu 100 ríkis-
 dala styrkur eður lán, til þess að gefa út á íslensku rit *Gué-*
non's um mjólkurkýr. En landbústjórnarfélagið hefir 26. dag
 fyrra mánaðar svarað því, að það virðist ekki að eins vera gagns-
 laust að þýða rit *Guénon's* á íslenska tungu, heldur geti slíkt
 jafnvel orðið til skaða; reglur *Guénons* séu að vísu nokkurs
 nýtar, þegar jafnframt verði höfð hliðsjón af öðrum kennimerkj-
 um en speglinum, sem taka verði til greina þá er sjá skuli
 hvort kýr séu góðar til mjólkur eður ekki, en þegar reglum
 hans sé fylgt eingöngu, komist menn að einstrengingslegri og
 rangri niðurstöðu; flokkaskipunin sé og eptir hans reglum svo
 margbrotin og smásmugleg, að reglurnar verði óaðgengilegar
 fyrir flesta þá, er stunda landbúnað verklega, vegna þess hins
 langa tíma, yfirlegu og umhugsunar, sem þarf til þess að skilja
 þær vel, og að minnsta kosti sé ekki unnt að læra þær af
 lýsingu einni, þó henni fylgi uppdrættir.

1) Sama dag var stiptamtmaninum yfir Íslandi og amtmanninum
 yfir vesturumdæminu ritað um fýsjar tekjur, sem sýslumenn í
 umdæmum þeirra eigi höfðu staðið skil á í tækan tíma, og var í
 þeim bréfum tekin fram sama reglan, sem í þessu bréfi er brýnd
 fyrir amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu.